

Ársskýrsla
Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ
skólaárið 2020-2021



Fylgt úr hlaði

Á hverju vori er vert að líta yfir farinn veg og draga saman það sem hæst bar í starfsemi skólans á liðnu skólaári. Það verður gert hér á eftir fyrir skólaárið 2020- 2021. Ársskýrslu skólans er ætlað að gera grein fyrir því fjölbreytta starfi sem einkennir skólann og gefa yfirlit yfir hagnýt mál er snúa að daglegu starfi hans.

Starfstími skóla

Skólasetning var 23. ágúst en fimm ára kjarnar hófu störf viku fyrr. Starfstími nemenda í grunnskólanum skólaárið 2020 – 2021 var frá 23. ágúst 2020 til og með 9. júní 2021 að höfðu samráði við skólaráð Barnaskóla Hjallastefnunnar sem og skólanefnd Garðabæjar. Kennsludagar voru 180 á skóladagatali sem fullnægir kröfu í 28. gr. laga um grunnskóla um fjölda skóladaga svo og kröfum sömu greinar um leyfi og hvíldartíma nemenda. Þó svo að heimsfaraldurinn hafi haft áhrif á skólastarfið í vetur var lítið um skerta daga vegna hans. Skerðingin hafði aðallega áhrif á að lítið var um kennslu þvert á árganga og hver kjarni var í sínu hólfi og því náðum við ekki að blanda jafnvel og við gerum í venjulegu árferði. Foreldra komu nánast ekki inn í skólann nema að höfðu samráði við skólastýru og stjórendur skólans.

Vikulegur kennslutími hvers nemanda í 1. – 4. bekk í grunnskólanum er að lágmarki 1200 mínútur á viku en eru um 270 mínútur á dag sbr. kennsluskrá (stundaskrá) skólans. Það samsvarar 34 kennslustundum á viku sbr. ákvæði um 1.-4. bekk í 28. gr. laga um grunnskóla 2008. Vikulegur kennslutími 6 til 9 ára barna voru 1350 stundir. Hjá nemendum á miðstigi í 5. og 6. bekk bættust við 30 mín á dag við kennslutíma þeirra og var 300 mínútur og vikulegur kennslutími því 1500 stundir. Foreldraviðtöl voru haldin tvisvar á skólaárinu, á haustönn og vorönn en bæði viðtölin voru haldin í gegnum fjarbúnað vegna covid - 19. Farið var yfir framvindu námsins sem og félags stöðu nemenda og markmið sett með velferð barnanna að leiðarljósi. Jólaleyfi hófst 18. desember og kennsla hófst að nýju ári mánudaginn 4. janúar. Vetrarfrí var á sama tíma og hjá öðrum grunnskólum í Garðabæjar, 22. – 25. febrúar. Skipulagsdagar kennara voru fimm á skólaárinu; 16. október, 23. október, 24. nóvember, 26. febrúar, 25. maí.

Opnunartími, máltíðir og skólahúsnæði

Skólastarf í vetur hófst hjá 6 – 9 ára börnum kl. 8:45 og lauk kennslu kl. 14:15. Þá tók við síðdegisstarf í Frístund fyrir þau börn sem það kusu. Hjá börnum í 10 og 11 ára kjörnum hófst skólastarf kl. 8:30 og lauk kl. 14:30. Skólinn var opnaður kl. 7:45 alla morgna. Börnum stóð til boða að fá morgunverð í skólanum frá því að skólinn opnaði. Fimm ára börn eru leikskólabörn og þeirra starf byggir á aðalnámskrá leikskóla sem og kynjanámskrá Hjallastefnunnar en skóladagurinn þeirra byggir þó á sama grunni og hjá eldri börnunum. Leikskólastarf hélt áfram eftir að hefðbundnu skólastarfi lauk kl. 14:15 og þar til kl. 17. Börnum var boðið upp á málsverði á skólatíma, auk hádegisverðar var framreidd morgunhressing í ávaxtastund um miðjan morgun. Öllum börnum stóð til boða að fá morgunverð og í Frístund var ávallt boðið upp á nónhressingu. Í skólanum er fullbúið móttökueldhús og er því stýrt af matræði. Eldhúsið hefur öll starfsleyfi. Barnaskólinn er staðsettur í suðurhúsi á Vífilsstaðalóðinni. Sundkennsla fór fram í Mýrinni, íþróttakennsla

fór fram utanhúss hér á lóðinni fyrir áramót en í sal í Ásgarði á vorönn.

Dagskipulag 5 ára kjarna

07.45 Barnaskólinn opnar, frístund, morgunverður í boði
08.45 Morgunsöngur á sal skólans
09.00 Hópatími
10.00 Ávaxtastund/valfundur/val
11.00 Hópatími
12.00 Hádegisverður
12.30 Næðis og lestrarstund
13.00 Hópatími
14.00 Valtími
15.00 Nónhressing
15.45 - 17.00 Val og frístundastarf

Dagskipulag 6-9 ára kjarna

07.45 Barnaskólinn opnar, frístund, morgunverður í boði
08.45 Morgunsöngur á sal skólans
09.00 Kennsla hefst / hópatími
10.00 Ávaxtastund/valfundur/val
11.00 Kennsla / hópatími
12.00 Hádegisverður og næðisstund
12.30 Kennsla / hópatími
14.15 Kennslu lýkur og frístund hefst
15.00 Nónhressing
15.30 - 17.00 Frístundastarf og skólinn lokar

Dagskipulag 10 - 11 ára kjarna

07.45 Barnaskólinn opnar, frístund, morgunverður í boði
08.30 Kennsla hefst / hópatími
10.00 Ávaxtastund/valfundur/val
11.00 Kennsla / hópatími
12.00 Hádegisverður og næðisstund
12.30 Kennsla / hópatími
14.30 Kennslu lýkur

Heilsugæsla

Skólaheilsugæsla var fyrir hendi skv. 41. gr. grunnskólalaga og njótum við þjónustu Heilsugæslu Garðabæjar. Skólahjúkrunarfræðingar sinntu forvarnarvinnu með nemendum og komu reglulega í heimsókn. Góð samvinna var við Heilsugæsluna og skólahjúkrunarfræðing.

Frístund

Starf frístundar fór fram á 6 og 7 ára kjörnum og einnig mikið útivið. Skilin á milli skóla og frístundar fóru fram með valfundi þar sem börn völdu sér leiksvæði fram að nónhressingu. Eftir nónhressingu var skipt upp á leiksvæðum að nýju. Í Frístund komum við til móts við foreldra eins og unnt er og býður skólinn upp á að skólabíll aki börnunum til og frá leikskólanum okkar Ásum og hingað til okkar að Vífilsstöðum. Frístundabíll Garðabæjar ekur hingað uppeftir og flytur börn í íþróttir, tónlistarskóla og aðrar tómstundir innan Garðabæjar. Með akstri skólabíls og Frístundabílsins varð ákveðin samfella í skólastarfi og frístundum barna, foreldrum og skólastarfsfólki til mikillar ánægju.

Stjórn skólans

Skólastýra var Linda Björk Sigmundsdóttir en hún leysti Lovísu Lind Sigurjónsdóttur af þar sem hún var í fæðingarorlofi þetta skólaár. Skólastýra ber ábyrgð á daglegum rekstri skólans skv. lögum um grunnskóla og ákvæðum aðalnámskrár um markmið námsins, kennsluhætti og starfshætti grunnskóla. Hún er einnig fulltrúi skólans í öllum málum er vörðuðu venjulegan rekstur og fulltrúi rekstraraðila gagnvart öðrum starfsmönnum. Barnaskólinn uppfyllir kröfur 8. 9. og 10. gr. grunnskólalaga um foreldrafélag og skólaráð og er góð samvinna á milli skólasamfélagsins og foreldrafélagsins.

Skipurit skólans má sjá hér fyrir neðan.



Starfsfólk

Í hópi kjarnakennara voru níu grunnskólakennarar og tveir leikskólakennarar. Þeir stýrðu kennslu í sjö árgöngum en auk þeirra sinntu kennslu sérkennari, íþrótt- og sundkennarar, myndlistar konur í Smiðjum og sálfræðimenntaður starfsmaður annaðist þjálfun barna. Tómsundastarf í *Frístund* var á ábyrgð skólans en þar störfuðu fjórir starfsmenn til viðbótar við þá kennara sem fylgdu börnum fram í daginn eftir að skóladegi lauk. Sálfræðingur sinnti sálfræðipjónustu. Starfsmenn í stoðþjónustu skólans sáu um eldhúsið og annað sem til féll. Hér fyrir neðan má sjá nöfn og starfssvið starfsfólks skólans vorið 2021.

Andri Jarron frístund

Anna Fríða Stefánsdóttir Kjarnastarf/ grunnskólakennari

Anton Helgi Hannesson enskukennsla og stuðningur

Arnór Gunnarsson stuðningur 5 ára kjarna

Aron Berg Pálsson Íþróttir og sund / íþróttakennari

Ásta Guðrún Guðmundsdóttir Sérkennslusýra

Bryndís Hrönn Gunnarsdóttir kjarnastarf / grunnskólakennari

Dóra Margrét Bjarnadóttir stjórnun 5 ára starfs

Edda Rósa Gunnarsdóttir stuðningur og frístund

Edda Sigurðardóttir kjarnastarf / leiðbeinandi 5 ára

Einar Kári Guðmundsson frístund

Eva Lind Ingadóttir Kjarnastarf / grunnskólakennari

Gabríela Ómarsdóttir stuðningur 5 ára kjarna

Gunnlöð Rúnarsdóttir kjarnastarf / leiðbeinandi 5 ára

Helga Guðmundsdóttir kjarnastarf / framhaldsskólakennari

Helga Kristín Hjarðardóttir Kjarnastarf / grunnskólakennari

Linda Björk Sigmundsdóttir Skólastýra

Lovísa Lóa Sigurðardóttir Smiðjur og Frístund

Pálína Sólrún Ólafsdóttir leikskólakennari 5 ára kjarna

Sara Björk Sigurðardóttir kjarnastarf / grunnskólakennari

Sigríður Elfa Sigurðardóttir Smiðjur og Frístund

Sigríður Ósk Reynaldsdóttir Kjarnastarf / grunnskólakennari

Sigrún Lilja Færseth Þjálfun og stuðningur

Sigurjón Ívarsson Matráður

Silja Hinriksdóttir /háskólamenntun

Sólrún Dís Valdimarsdóttir stuðningur 5 ára kjarna

Sólveig Gunnarsdóttir leiðbeinandi 5 ára kjarna

Sturla Þorsteinsson Námsver og kjarnastarf / grunnskólakennari

Svetlana Stepanova Ræstingar, stuðningur

Tatjana Matejeva Eldhús

Tinna Ingvarsdóttir Kjarnastarf / grunnskólakennari

Nemendur

Skólaárið 2020-2021 voru 151 börn skráð í nám við Barnaskólann á vormánuðum. Þar af voru lengst af tíu börn með lögheimili í öðrum sveitarfélögum en Garðabæ. Á kjörnum 5 til 9 ára eru tveir kjarnar og er raðað í þá eftir kyni. Á eldri kjörnum er meira um blöndun og samkenndu og því deila stúlkur og drengir í sama árgangi kjörnum. Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir kjarnana, fjölda barna á hverjum kjarna og nöfn þeirra sem fóru með ábyrgð á kjarnanum, héldu utan um daglegt starf sem og sinnu foreldrasamstarfi.

Yfirlit yfir kjarna, fjölda drengja og stúlkna, kjarnastarfsfólk

5 ára, 16 stúlkur, 18 drengir; alls 35

Helga Guðmundsdóttir
Edda Sigurðardóttir
Sólveig Gunnarsdóttir
Pálína Sólrún Ólafsdóttir

6 ára, 11 stúlkur, 14 drengir; alls 25

Silja Hinriksdóttir
Anna Fríða Stefánsdóttir

7 ára, 11 stúlkur, 14 drengir; alls 25

Helga Kristín Hjarðardóttir
Sara Björk Sigurðardóttir

8 ára, 15, stúlkur, 5 drengir; alls 20

Tinna Ingvarsdóttir
Eva Lind Ingadóttir

9 ára, 5 drengir; alls 5

Eva Lind Ingadóttir

10 ára, 8 stúlkur, 8 drengir; alls 16

Sigríður Ósk Reynaldsdóttir

11 ára, 8 stúlkur, 10 drengir; alls 18

Bryndís Hrönn Gunnarsdóttir
Sturla Þorsteinsson

Kennsluhættir

Starfsemi grunnskólans; þ.e. markmið námsins, kennsluhættir og starfshættir grunnskóla fylgir að öllu leyti aðalnámskrá svo og skólanámskrá og starfsáætlun sbr. ákvæði í 24. og 29. gr. laga um grunnskóla. Jafnframt var starfað í anda annarrar greinar sömu laga þar sem áherslan var lögð á samvinnu við heimilin, þar sem starfshættir mótuðust af umburðarlyndi og kærleika, arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Náms hópar báru heitið kjarnar og er einn

kjarni samsvarandi bekkjardeild. Kynjaskiptir og blandaðir kjarnar voru starfandi stóran hluta skólatímans en að auki voru samskipti og samvinna milli kynjanna skv. kynjanámskrá Hjallastefnunnar þar sem markvisst er unnið að jákvæðum samskiptum og virðingu kynjanna í garð hvors annars. Sjálfsmat skólans eða gæðamat skv. 36. grein grunnskólalaga var með hliðstæðum hætti og sjálfsmat í öðrum barnaskólum Hjallastefnunnar og fjallað er um í námskrá skólans. Skólinn tekur jafnframt þátt í skólapúlsinum en þar er metið með kerfisbundnum hætti bæði árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Að auki sinnir Garðabær eftirliti með skólastarfi, sbr. 5. og 6. gr. sömu laga. Ýmsar skimanir voru lagðar fyrir sbr. Hljóm hjá 5 ára kjörnum, læsis- og lesfimiþróf á vegum Menntamálastofnunar voru lagðar reglulega fyrir grunnskólabörnin og loks má nefna foreldra- og starfsmannakannanir. Þetta skólaár þreyttu nemendur á 9 ára kjörnum samræmd próf að hausti 2020 sem gengu afar vel.

Skólaþróun

Í vetur unnu kennarar ötulst að því að þróa kennsluáðferðir sínar. Börnin unnu verkefni oftast á óhefðbundinn hátt í gegnum leik, sem og í bækur sem þau bjuggu til sjálf. Jafnrík áhersla var lögð á Kynjanámskrá Hjallastefnunnar sem og Aðalnámskrár þætti grunnskóla. Kynjanámskrár vinnan hefur verið unnin samkvæmt lotunum okkar sex – sem snúa að því að þjálfar börn í einstaklings- og félagslegum þáttum. Ýmis verkefni hafa verið lögð til grundvallar og unnin í samræmi við þær lotur sem á við hverju sinni. Lýðræðislegar umræður skipuðu veglegan sess í vetur. Áhersla var á útiveru, útikennslu sem og sögu nærsamfélagsins. Vífilsstaðir búa yfir mikilli náttúrufegurð og sögu sem hægt er að flétta inn í skólastarfið á mjög fjölbreyttan máta. Í vetur var unnið enn frekar að þróun kennsluhátta í íslensku og lestrarkennslu, beittum hljóðáðferðinni og lögðum ríka áherslu á undirstöðupætti í lestrarnámi barna. Nemendur unnu ýmist einir eða í litlum hópum. Kennarar útbúa náms- og kennsluefni, nota margvíslegan efnivið og styðjast við ýmsar kennslubækur og kennsluleiðbeiningar. Stöðvavinna er stór hluti af kennsluáðferðum Barnaskólans. Reynt er að fylgja eftir hverjum og einum nemanda þar sem hann er staddur í námsferli sínu og styðja við þróun þess.

Opnar vikur og Smiðjur

Í opnum vikum er uppbrot á skólastarfinu hjá okkur þar sem boðið var upp á smiðjur. Í smiðjum er hópaskipan oft breytt, stúlkur og drengir saman í hópum eða smærri hópar vinna saman. Hver smiðja er löguð að aldri og þroska nemenda sem og samsetningu nemendahópsins hverju sinni. Rík áhersla er lögð á skapandi starf í smiðjum og list- og verkgreinakennsla er í forgrunni.

Gestakennarar komu að skólastarfinu þetta skólaárið eins og áður. Tveir tónmenntakennarar, þær Hildur Guðný Þórhallsdóttir og Þórdís Heiða Kristjánsdóttir, tóku tónlistarlotur með öllum kjörnum þar sem farið var í takt og kennt á hin ýmsu hljóðfæri og lauk þessum lotum með tónleikum fyrir foreldra sem fóru fram í sal Barnaskólans. Í ár varð hinsvegar skerðing hjá einhverjum árgöngum þar sem covid setti strik í tónleikahald og því var brugðið á að streyma þeim til foreldra.

Vettvangsferðir eru stór þáttur í kennslustarfi Barnaskólans en venjulega er farið í ýmsar bæjarferðir nágrannasveitarfélaga og höfuðborgarinnar. Það var hinsvegar lítið hægt að njóta þessara ferða í ár sökum covid. Þær vettvangsferðir sem eru fastir liðir í skólastarfinu eru m.a. að skoða ólík söfn sbr. Hönnunarsafn Íslands, Þjóðminjasafn, Listasafn Íslands, Listasafn

Reykjavíkur, Minjagarðurinn að Hofsstöðum, Landnámssetrið o.fl. Bókasafn Garðabæjar er einnig mikið nýtt og er ánægjulegt að taka það fram að viðmót starfsfólksins er einstaklega notalegt og þökkum við það.

Listasmiðjur á 5 ára kjörnum

List- og verkgreinar eru í forgrunni, samþætting námsgreina, skapandi starf og samvinna nemenda. Í fyrstu smiðju vetrarins unnum við með Dimmaskóg og dýr. Önnur smiðjan snérist um tónlist. Þriðja smiðjan fjallaði um fjölskylduna. Fjórða smiðjan var vefnaðar- og spilasmíðja. Fimmta smiðjan var íþróttar- og textílsmiðja. Það varð þó hnökrar á smiðjunum vegna covid en kennarar reyndu hvað best þeir gátu að halda þeim til haga og vinna með þær takmarkanir sem fylgdu hólfaskiptingu í skólafarfi.

Skák

Mikil og öflug skákkennsla hefur verið í skólanum sl ár og kunna langt um flest öll börn skólans mannganginn og hafa náð tókum á góðri leikfærni í tafla. Við höfum haldið minni skákmót og eflt börnin ennfrekar. Við munum halda áfram að þróa skákkennsluna en mörg börn skólans hafa í kjölfarið farið að æfa skák í Garðabæ.

Miðstig Barnaskólans

Miðstig skólans hefur verið starfrækt frá hausti 2018 og í vetur voru þar tveir árgangar, 10 og 11 ára kjarnar. Flest öll börn hafa kosið að halda áfram með okkur upp á miðstigið sem sýnir okkur að börn og fjölskyldur vilja halda áfram í námi í Hjallastefnunni eftir að yngsta stigi grunnskóla lýkur. Alla morgna byrjuðu börnin í jóga/hugleiðslu með umsjónakennara. Mikil áhersla var á að æfa tjáningu og framkomu. Haldnar voru spurningakeppnir, settur upp söngleikur verkefni flutt fyrir framan kennara, foreldra og skólafélaga. Öll börn á 10 og 11 ára kjarna fá sína eigin chrome-book fartölvu til að vinna með í skólanum. Það er afar góð viðbót inn í skólafarfi Hjallastefnunnar og notkun þeirra styður við þá stefnu að vera án bókamiðunar og stýringar kennslubóka. Mikið er um samvinnuverkefni á miðstigi þar sem valin eru verkefni sem hafa m.a. ögrandi áhrif á hin hefðbundnu hlutverk kynjanna. Eitt af þeim verkefnum var um kvenhetjur þar sem gerð voru veggspjöld, haldin kynning og gerð bók. Börn á miðstigi lesa upphátt fyrir kennara alla daga og mikil áhersla er lög á heimalestur. Þá lærðu börnin að tálga, þæfa, gerðu sjálfsmyndir og mikil sköpun var í textagerð. Í lok skólaárs var farið í tveggja náttu vorferð að Sólheimum í Grímsnesi. Þar tóku börnin virkan þátt í samfélaginu, fengu fræðslu um sjálfbærni og gengu í hin ýmsu verk s.s aðstoðuðu í gróðurhúsinu, hreinsuðu beð og lóðir og gróðusettu tré. Það var það mikil ánægja með þessa ferð að hún mun koma til með festast í sessi sem árlegur vorferða staður miðstigsins.

Ýmsar aðrar áherslur

Vettvangsferðir voru stór þáttur í kennslustarfinu og var farið í ýmsar bæjarferðir til nágrannasveitarfélaga og höfuðborgarinnar. Bókasafn Garðabæjar var mikið heimsótt og var viðmót starfsfólksins einstaklega notalegt enda börnin dugleg að sækja safnið utan skólatíma. Gestakennarar komu að skólafarfinu þetta skólaárið eins og áður. Tveir tónmenntakennarar, þær Hildur Guðný Þórhallsdóttir og Þórdís Heiða Kristjánsdóttir, tóku tónlistarlotur með öllum kjörnum þar sem farið var í takt og kennt á hin ýmsu hljóðfæri og

lauk þessum lotum með tónleikum fyrir foreldra sem fóru fram í sal skólans. Í ár þurfti hinsvegar að taka mið af covid-19 og voru því sumum tónleikum streymt. Öll börn skólans sem og kennarar koma saman á hverjum degi og syngja í upphafi skóladags og skiptast kjarnar á að velja lög til að syngja saman. Á föstudögum er frjálssara skólastarf hér hjá okkur í Barnaskólanum og eru söngfundnir haldnir þá. Þar koma saman árgangar, stúlkur og drengir á sama aldri, og njóta samvista undir styrki stjórn kennara. Föstudagsstundin okkar snýst fyrst og fremst um að eiga notalega og gleðilega stund saman í lok hverrar viku – sannkallað föstudagsfjör. Hver kjarni sér um að skipuleggja söngfundi og stýra þeim með aðstoð kjarnakennara síns. Börnin koma fram með skemmtiatriði, leiki, þrautir og söng. Aðaleinkenni skólans, kynjauppeldið var í hávegum haft og blandað saman við aðra kennslu. Æfingar í aga, sjálfstæði og samskiptum voru viðfangs efni kynjanámskrár á haustönn og unnu börn ýmis verkefni tengd þessum þáttum. Jákvæðni, vinátta og áræðni voru meginstef vorannar og æfð með fjölbreytilegum hætti. Leiðsagnarmat þróast hægt og bitandi. Fengu nemendur vitnisburð í samræmi við það að vori þar sem grunn þættir Aðalnámskrár og Kynjanámskrá Hjallastefnunnar voru samtvinnuð. Námsmatið var birt í Mentor og hefur sú vinnan verið að þróast sl. ár jafnt og þétt og mun halda áfram. Heimanám fólst í daglegum heimalestri og að auki fóru verkefni heim til að tengja heimilið við það sem skólinn var að fást við hverju sinni. Á yngstu kjörnunum var lítið sem ekkert heimanám annað en lestrarþjálfun enda er hún mikið samvinnuverkefni heimilis og skóla.

Sérkennsla og stuðningur

Sérkennsla og sérstuðningur sbr. 40. gr. laga um grunnskóla var fyrir hendi fyrir börn sem eiga erfitt með nám sökum námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar, sbr. lög um málefni fatlaðra.

Við skólann vann sérfræðiteymi skipað skólastjóra, sérkennara og sálfræðingi.

Sérkennslurými er í skólanum fyrir einstaka nemendur vegna stuðnings við þá. Í vetur fengu nokkur börn einhvers konar stuðning, annars vegar inni á kjarna og hins vegar í einstaklings aðstæðum.

Berglind Brynjólfsdóttir sálfræðingur annaðist greiningar vegna námsörðugleika og leiðbeindi um kennslu og nám einstakra barna sem og námshópa. Sturla Þorsteinsson sá um stuðning og sérkennslu í námsveri 6 til 11 ára barna varðandi lestur, stærðfræði og ritun. Ásta Guðrún Guðmundsdóttir var með yfirumsjón sérkennslunnar og Sigrú Lilja Færseth sinnti stuðningi og þjálfun barna á 6-9 ára kjarna. Dóra Margrét Bjarnadóttir lagði fyrir málþroskapróf og leiðbeindi bæði foreldrum og kennurum með úrræði.

Foreldrasamstarf

Í Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ er öflugt foreldrasamstarf og foreldrafélagið fer fyrir ýmsum verkefnum í skólanum og býður börnunum upp á skemmtilegar uppákomur og upplifanir. Í ár var því miður töluverð skerðing á þeirra starfsemi sökum heimsfaraldar en fastir liðir á vegum foreldrafélagsins eru eftirfarandi; í desember er haldin notaleg jólastund að morgni dags en Þá býður foreldrafélagið börnum og fullorðnum upp á kakó og svo er farið út í skóg með fuglamat og kerti. Börnin útbúa sjálf tækifæriskort sem þau svo gegn vægu gjaldi og rennur ágóðinn í sameiginlegan vorferðasjóð barnanna. Jólaleiksýning er í boði foreldrafélagsins en það er leikritið “*Leikrit í tösku*” með Þórdísi Arnljótsdóttur þar sem hún túlkar íslensku jólasveinana á kostulegan hátt. Hefð hefur skapast fyrir því að börnin

okkar fara í menningarferð fyrir jólin og býður foreldrafélagið upp á rútuferð og hádegisverð í þessum ferðum. Á jólasöngfundum í desember er tónlist í hávegum höfð, þar sem fengin eru tónlistaratriði frá atvinnu hljóðfæraleikurum og mikil hátíðar stemmning á sal skólans. Salurinn okkar var skreyttur og gerður að ævintýraheimi með gítarspili og fögrum söng. Foreldrafélagið fer einnig fyrir árlegum vorferðum barnanna. Í ár var farið í tveggja náttu ferð í Vatnaskóg með 6 og 7 ára kjarna, á Snæfellsnesið með 8 og 9 ára og að Sólheimum í Grímsnesi með 10 og 11 ára kjarna. Fimm ára börn fóru í dagsferð um Reykjanesið þar sem skoðað var Vorferðirnar okkar eru farnar í framhaldi af áræðnilotu sem er síðasta lotan okkar í kynjanámskránni og því mikil uppskera og áskorun að fara í vorferðir. Vorhátíð foreldra félagsins var með breyttu sniði í ár en hún var haldin án foreldra að þessu sinni. Hún fór fram fyrir skólaslit miðvikudaginn 9. júní. Boðið var upp á hoppukastala, andlitsmálun, varðeld, ísbilinn og fleira skemmtilegt. Fulltrúar frá foreldrafélaginu grilluðu ofan í börnin og dagurinn var ánægjulegur að venju.

Skólastarf í Covid

Í vetur líkt og hefur komið fram hér í skýrslunni að ofan hafði covid töluverð áhrif á skólastarfið og skipulag þess. Við gátum hinsvegar haldið skólanum opnum í allan vetur en vorum með hólfaskiptingu mest allan veturinn sem setti okkur þrengri skorður varðandi samkenndu og smíðju vinnu. Foreldra komu lítið inn í skólann og fór flest öll samtöl og samskipti fram utandyra eða í gegnum fjarfunda búnað. Kennarar voru einstaklega tilbúnir við skipulag kenndu með heimsfaraldur í forgrunni og lögðumst allir á eitt við að hafa skólann opnum lengst og raska sem minnst lífi barna og fjölskyldna þeirra. Það tókst ljómandi vel en verðum jafnframt þakklát þegar skólastarfið verður engum takmörkunum háð. Rík áhersla var lögð á sóttvarnir og handþvott til að sporna ennfrekar við smitleiðum. Skólasókn nemenda í vetur var góð og hafði covid lítil áhrif á að nemendur væru frá skóla í lengri tíma. Samvinna við heimili gekk mjög vel voru skóli og heimili samstíga til að allt gengi sem best. Þegar litið er til baka má taka margt gott frá þessu tímabili en einnig sáust tækifæri til úrbóta. Við erum ánægð hversu rík samstaða var í skólanum við að leysa veturinn í vetur með heimsfaraldurinn yfirvofandi og allt umkring. Það hefur eflaust verið margt einfaldara fyrir okkur en marga þar sem skólinn er fámennur og hóparnir eru öllu höndum litlir. Einnig er dagskipulag þannig að ekki þurfti að umturna öllu skólastarfi heldur kjarna það og einfalda.

Að lokum

Skólaárið 2020 til 2021 var nokkuð viðburðarríkt ár þar sem heimsfaraldurinn setti áfram strik í skólastarfið. Við vorum hinsvegar undir það búin nokkuð snemma í haust og tókst okkur því vel að halda skólastarfinu nokkuð vel gangandi þó svo að það hafi ekki verið eins og venjulega hvað skipulag og skiptingu varðar. Skólaárið leið hratt við nám og leik, gleði og friður var yfir skólastarfinu. Gott samstarf var við skólaskrifstofu Garðabæjar sem og aðrar stofnanir bæjarins. Forráðamenn barnanna eru okkar bestu bandamenn í að móta hið góða starf sem fram fór við skólann. Saman leggjum við áherslu á góðan aðbúnað, vellíðan og stuðning við börnin í námi og þroska. Þökk sé öllum sem lögðu hönd á plóg - en mestar þakkir eiga börnin sjálf fyrir gefandi samverustundir á liðnu skólaári.

Nokkur tímamót eru í sögu Barnskólans núna haustið 2021 en þá erum við í fyrsta skipti í sögu skólans með heildstætt skólasamfélag fyrir börn frá 5 ára gömlum og upp í 12 ára gömul, því með þrjú skólastig undir einum hatti leikskóla, yngsta stig og miðstig.

Við erum stolt og glöð yfir að geta boðið börnum upp á fjölbreytt skólastarf þar sem fyrst og fremst er hugað að velferð allra barna og þeim mætt á þeirra forsendum.

Hjallískt skólasamfélag tryggir jafnrétti allra barna og veitir frelsi innan skýrra ramma og stöðugleika. Við leggjum einnig ríka áherslu á að skapa skólasamfélag sem lítur jöfnum höndum á mikilvægi þess að þjálfa mannlega eiginleika og færni, þjálfa kjark, þjálfa jákvæðni, þjálfa samskipti, þjálfa vináttu og þjálfa kærleika líkt og leikni í bóknámsgreinum.

Garðabæ, ágúst 2021
Lovísa Lind Sigurjónsdóttir
Skólastýra
Barnaskólans í Garðabæ